



Reglur um meðferð hagsmunaárekstra

I. kafli: Almennt

1. Tilgangur og gildissvið

Arion banki veitir alhliða bankþjónustu sem óhjákvæmilega felur í sér hættu á hagsmunaárekstrum. Hætta á hagsmunaárekstrum kemur upp þegar bankinn hefur tekið að sér að þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila sem fara ekki saman, þar á meðal er varðar hagsmuni bankans sjálfs og tengdra aðila.

Það er stefna Arion banka að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra

Reglur þessar lýsa aðferðum bankans við greiningu hagsmunaárekstra í starfsemi bankans og þeim ráðstöfunum sem skal beita til að greina, koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra. Reglurnar gilda um allt starfsfólk Arion banka.

Reglurnar byggja á stefnu um hagsmunaárekstra í rekstri Arion banka en þær skal skoða með hliðsjón af stefnu bankans um hagsmunaárekstra starfsfólks og öðrum reglum bankans er varða hagsmunaárekstra, svo sem reglur um sérstakt hæfi starfsfólks, reglur um atvinnuþátttöku og reglur um viðskipti starfsfólks.

Óska skal eftir [áliti regluvörslu](#) ef upp koma vafaatriði við framkvæmd reglna þessara.

2. Orðskýringar

Í reglum þessum merkir:

- Aðskilnaður í húsnæði:** Ápreifanlegur aðskilnaður í húsnæði með aðgangsstýringum, sem takmarka aðgengi að trúnaðarupplýsingum sem kunna að finnast á viðkomandi starfsstöð.
- Aðskilnaður í upplýsingakerfum:** Aðskilnaður í upplýsingakerfum með aðgangsstýringum, sem takmarka aðgengi að trúnaðarupplýsingum sem má finna í hinu aðgangsstýrða kerfi.
- Arion banki/bankinn:** Arion banki hf.
- Fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta:** Fjárfestingarþjónusta, fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónusta, eins og þau hugtök eru skilgreind í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021
- Samstæðufélög:** Félög innan samstæðu bankans á hverjum tíma.
- Starfsfólk:** Starfsfólk bankans og tengdir aðilar (eins og það hugtak er skilgreint í stefnu bankans um hagsmunaárekstra starfsfólks, stjórnarmenn og allir einstaklingar sem starfa undir stjórn bankans.
- Trúnaðarupplýsingar:** Upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar almenningi, s.s. upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu, innherjaupplýsingar, upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti viðskiptavina eða bankans og aðrar upplýsingar um ólíka hagsmuni sem geta dregið úr trúverðugleika hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur. Áreiðanleikakannanir (KYC), upplýsingar um mat á áhættu tengdri einstökum viðskiptavinum, upplýsingar um tengiliði og þjónustubætti og virðisgreining einstakra viðskiptavina teljast ekki til trúnaðarupplýsinga í skilningi reglna þessara. Að sama skapi teljast upplýsingar er lúta að fjárfestavernd ekki til trúnaðarupplýsinga, s.s. upplýsingar um flokkun fjárfesta, upplýsingar um mat á hæfi viðskiptavina vegna veitingar fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringar, sem og um mat á tilhlýðileika vara eða þjónustu vegna veitingu annarrar fjárfestingarþjónustu en fjárfestingarráðgjafar og eignastýringar til viðskiptavina.
- Umbjóðandi:** Viðskiptavinur (einstaklingar og lögaðilar) sem hefur falið bankanum að gæta hagsmuna sinna.



II. kafli: Greining hagsmunaárekstra

3. Áhættumat

Greina skal reglulega hvaða aðstæður það eru sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans. Huga skal að greiningu hagsmunaárekstra tímanlega, áður en ákvörðun er tekin um hvort þjónusta skal veitt, enda er að öðrum kosti ekki hægt að gæta að hagsmunum umbjóðenda og bankans.

Greindir eru þeir hagsmunaárekstrar sem geta komið upp:

- Milli Arion banka, þ.m.t. samstæðufélaga, og umbjóðenda
- Milli starfsfólks (þ.m.t. allra einstaklinga sem starfa undir stjórn bankans) og umbjóðenda
- Milli umbjóðenda bankans innbyrðis

Þannig metur bankinn hvort hann, þ.m.t. samstæðufélög, eða starfsmaður:

- Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað umbjóðanda
- Hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem umbjóðanda er veitt, sem eru aðgreindir frá hagsmunum umbjóðanda að því er varðar niðurstöðuna
- Hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars umbjóðanda eða hóps umbjóðenda fram hagsmunum hlutaðeigandi umbjóðanda
- Stundi sams konar rekstur og umbjóðandinn
- Þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er umbjóðanda í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þjónustuna, frá öðrum en umbjóðandanum

Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á því að í starfseiningum viðkomandi séu greindar þær aðstæður sem geta haft í för með sér raunverulega hættu á hagsmunaárekstrum. Regluvarsla veitir leiðbeiningar við framkvæmd og skrásetningu áhættumatsins. Framkvæma skal áhættumat og það uppfært hvenær sem tilefni er til, s.s. við breytingar á skipulagi eða þjónustu, þó eigi sjaldnar en árlega. Vegna verkefna sem tengjast fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu skal starfsfólk beina erindum til og fara eftir verklagsreglum viðeigandi nefnda og/eða hagsmunaárekstraráða.

3.1. AUKNAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ SÖLUTRYGGINGU EÐA ÚTBOÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

Áður en bankinn tekur að sér að veita sölutryggingu í útboði eða hafa umsjón með útboði fjármálagerninga skal greina hagsmunaárekstra í samræmi við reglur þessar og tryggja að unnt sé að veita útgefandanum upplýsingar um:

- Mismunandi fjármögnunarkosti sem standa til boða og viðskiptakostnað vegna hvers kosts.
- Tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um verðlagningu í útboðinu.
- Tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um útboðið.
- Nánari upplýsingar um markhóp fjárfesta sem bankinn hefur í hyggju að bjóða fjármálagerningana.
- Starfsheiti og deildir viðkomandi einstaklinga sem koma að því að veita fyrirtækjaráðgjöf um verð og úthlutun fjármálagerninga

3.2. AUKNAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ VERÐLAGNINGU Í ÚTBOÐUM VEGNA ÚTGÁFU FJÁRMÁLAGERNINGA

Hagsmunaárekstrar geta myndast í tengslum við mögulega undir- eða yfirverðlagningu útgáfu eða aðkomu viðkomandi aðila að verðlagningarferlinu. Hið minnsta skal tryggja eftirfarandi:

- Að verðlagning í útboðinu hyggi ekki hagsmunum annarra umbjóðenda eða eigin hagsmunum bankans sem kann að stríða gegn hagsmunum útgefandans.
- Að komið sé í veg fyrir eða höfð sé stjórn á aðstæðum þar sem aðilar, sem veita umbjóðendum bankans fjárfestingarþjónustu, koma með beinum hætti að ákvörðunum um ráðgjöf til útgefandans varðandi verðlagningu



Veita skal umbjóðendum upplýsingar um hvernig ráðgjöf um verðlagningu í útboði og tímasetningar er ákvörðuð. Einkum skal upplýsa og eiga í samskiptum við útgefandann um allar áhættvarnar- og verðjöfnunaraðferðir sem bankinn hyggst beita í tengslum við útboðið, þ.m.t. hvaða áhrif þessar aðferðir kunna að hafa á hagsmuni útgefandans. Á meðan útboðsferlinu stendur skal jafnframt gera allar tiltækar ráðstafanir til að halda útgefandanum upplýstum um þróun mála að því er varðar verðlagningu útgáfunnar.

3.3. AUKNAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ ÚTBOÐ

Þegar bankinn hefur umsjón með útboði fjármálagerninga skal koma í veg fyrir að núverandi tengsl eða tengsl í framtíðinni hafi óviðeigandi áhrif á ráðleggingar um setningu á markað.

Koma skal í veg fyrir eða takast á við hagsmunaaðrekstra sem skapast þegar starfsfólk sem veitir umbjóðendum fjárfestingarþjónustu koma með beinum hætti að ákvörðunum um ráðleggingar til útgefandans um úthlutun.

Óheimilt er að taka við öðrum greiðslum eða ávinningi frá þriðja aðila en þær sem uppfylla 36. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, sbr. einnig reglugerð um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings nr. 976/2021. Einkum skal eftirfarandi teljast brjóta í bága við þær kröfur og teljast óheimilt:

- Upptröppun (e. *laddering*), þ.e. úthlutun sem hvetur til greiðslu óhóflega hárra gjalda fyrir ótengda þjónustu sem bankinn veitir, s.s. óhóflega hárra gjalda eða þóknana sem viðskiptavinur í fjárfestingarþjónustu greiðir, eða óeðlilegs magns viðskipta fyrir hóflega þóknun, sem umbjóðandi greiðir gegn því að fá úthlutun í útgáfunni.
- Forgangsboð (e. *spinning*), þ.e. úthlutun til yfirstjórnanda eða yfirmanns fyrirtækis sem er núverandi eða hugsanlegur viðskiptavinur sem útgefandi, sem er endurgjald fyrir að útvega viðskipti í fortíð eða framtíð á sviði fyrirtækjaráðgjafar.
- Úthlutun sem er með beinum eða óbeinum hætti skilyrt við móttöku framtíðarfyrirmæla eða kaup á þjónustu bankans af hálfu umbjóðanda í fjárfestingarþjónustu eða aðila sem fjárfestirinn er yfirmaður hjá.

Bankinn hefur innleitt úthlutunarstefnusem skal afhenda útgefanda áður en bankinn samþykkir að taka að sér umsjón með útboði. Útgefandinn skal jafnframt hafður með í ráðum um útboðsferlið svo hann geti skilið og tekið tillit til hagsmuna og markmiða hans auk þess að fá samþykki útgefandans fyrir tillögu um úthlutun eftir tegund viðskiptavina í samræmi við úthlutunarstefnuna.

3.4. AUKNAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ RÁÐGJÖF, DREIFINGU OG ÚTBOÐ EIGIN FJÁRMÁLAGERNINGA

Greina skal og takast á við hagsmunaaðrekstra sem skapast við veitingu fjárfestingarþjónustu til umbjóðenda sem felst í kaupum í nýrri útgáfu ef bankinn fær þóknunir, gjöld eða annan peningalegan eða ópeningalegan ávinning í tengslum við umsjón með útgáfunni. Allar þóknunir, gjöld eða peningalegur eða ópeningalegur ávinningur skal uppfylla 36. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 sbr. einnig reglugerð um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings nr. 976/2021

Þegar bankinn hefur umsjón með útboði fjármálagerninga útgæfum af honum sjálfum eða samstæðufélögum til eigin umbjóðenda, þ.m.t. núverandi innstæðueiganda eða fjárfestingarsjóða skal greina, koma í veg fyrir og takast á við hugsanlega hagsmunaaðrekstra sem skapast í tengslum við slíka starfsemi. Matið skal fela í sér hvort láta eigi ógert að stunda starfsemina ef ekki er hægt að takast á við hagsmunaaðrekstra með viðhlítandi hætti til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á viðskiptavini.

Veita skal umbjóðendum viðbótarupplýsingar sem útskýra muninn á fjármálagerningum og innstæðum að því er varðar ávöxtun, áhættu, seljanleika og hverja þá vernd sem veitt er í samræmi við lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 ef þeim eru boðnir



fjármálagæringar sem bankinn eða samstæðufélög gefa út og eru hluti af útreikningi á varfærniskröfum sem tilgreindar eru í CRR, CRD IV, BRRD.

3.5. AUKNAR KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ LÁNVEITINGAR EÐA FYRIRGREIÐSLU VIÐ SÖLUTRYGGINGU EÐA ÚTBOÐ

Greina skal og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem skapast geta við þær aðstæður að fyrri lánveitingu eða fyrirgreiðslu af hálfu bankans til útgefanda sem er viðskiptavinur bankans, eða samstæðufélags, er heimilt að endurgreiða með fjármunum sem aflað er með útgáfunni.

Upplýsingum um fjárhagsstöðu útgefandans er deilt með samstæðufélögum sem eru lánveitendur, að því tilskildu að sú upplýsingagjöf brjóti ekki í bága við hindranir á upplýsingaflæði í tengslum við aðskilnað starfssviða, sbr. 7. gr.

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra

Þar sem fyrir hendi er hættu á hagsmunaárekstri skal grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni að greina, koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra. Viðeigandi ráðstafanir skulu tryggja að starfsfólk bankans starfi af nauðsynlegu sjálfstæði og geta m.a. falist í eftirfarandi:

- Tilkynningarskyldu starfsmanna samkvæmt stefnu bankans um hagsmunaárekstra starfsmanna
- Aðskilnað viðeigandi starfseininga í því skyni að koma í veg fyrir og stýra upplýsingastreymi milli starfsmanna sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum
- Eftirlit með starfsfólki sem annast verkefni fyrir hönd umbjóðenda, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir aðra hagsmuni sem geta skarast, þ.m.t. hagsmuni bankans
- Að engin bein tengsl séu milli þóknunar starfsmanna ólíkra starfseininga þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið
- Að engin bein tengsl séu á milli þóknunar starfsmanna sem framkvæma lánshæfis- og greiðslumat og fjölda og/eða hlutfall samþykktra umsókna um fasteignalán til neytenda
- Ráðstafanir til að takmarka og/eða stjórna þeim aðstæðum þegar starfsfólk tekur samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Framkvæmdastjóri skal tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu endurskoðaðar þegar tilefni er til, s.s. við breytingar eða ef í ljós kemur að ráðstafanir hafi reynst ófullnægjandi.

5. Viðbrögð vegna ófullnægjandi ráðstafana

Í tilvikum þar sem um er að ræða raunverulega hættu á hagsmunaárekstrum þar sem þær ráðstafanir sem bankinn hefur þegar gripið til veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunaárekstrum sé afstýrt, þarf að grípa til sérstakra ráðstafana í samráði við regluvörslu. Slíkar ráðstafanir geta t.d. falist í:

- Tímabundnum auknum aðskilnaði starfseininga, t.d. að verkefni sé unnið af starfsfólki í sérstöku starfsrými með enn strangari aðgangsstýringum
- Sérstöku eftirliti frá regluvörslu eða óháðum utanaðkomandi aðila

Ef ekki er unnt að grípa til ráðstafana sem veita fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum sé afstýrt, skal upplýsa umbjóðanda um eðli og/eða ástæður hagsmunaáreksturs áður en þjónusta er veitt ásamt lýsingu á ráðstöfunum sem bankinn hyggst grípa til. Upplýsingar til umbjóðenda skulu vera á varanlegum miðli og nægilega ítarlegar til að gera viðkomandi umbjóðanda kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort hann óski þess engu að síður að bankinn veiti fyrirhugaða þjónustu.

Ef engar ráðstafanir bankans veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðanda sé nægjanlega gætt og/eða ekki er unnt að upplýsa umbjóðanda um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins, s.s. vegna trúnaðarskyldu gagnvart öðrum, er ekki heimilt að veita umbjóðanda þá þjónustu sem óskað er eftir.



6. Tilkynningarskylda og hæfi

Starfsmaður skal tilkynna regluvörslu án tafar ef reynt er að hafa óviðeigandi áhrif á hann á meðan hann gætir hagsmuna umbjóðenda sinna. Þá skal starfsmaður tilkynna regluvörslu án tafar ef viðkomandi hefur miðlað upplýsingum til óviðkomandi, eða fengið í hendur trúnaðarupplýsingar sem viðkomandi átti ekki að fá.

Starfsmaður skal gera yfirmanni sínum tafarlaust grein fyrir sérhverjum hagsmunatengslum er kunna að skipta máli við mat á sérstöku hæfi viðkomandi til að sinna skyldum sínum í samræmi við reglur um sérstakt hæfi starfsmanna.

7. Skrá og miðlæg ferli

Í tengslum við framkvæmd reglna þessara skal regluvarsla m.a. halda eftirfarandi skrár og miðlæg ferli:

- Skrá yfir greindar hættur á hagsmunaárekstrum og þær ráðstafanir sem bankinn beitir til að koma í veg fyrir eða taka áslíkum aðstæðum.
- Skrá yfir tilvik þar sem um er að ræða raunverulega hættu á hagsmunaárekstrum, sbr. 4. gr.
- Miðlægt ferli til að greina starfsemi bankans á sviði sölutrygginga og útboða og skrá slíkar upplýsingar, þ.m.t. dagsetningar þegar bankinn fékk upplýsingar um hugsanlega sölutryggingu eða útboð.

Fyrirtækjaráðgjöf, eða sú starfseining sem hefur umsjón með útboði fjármálagerninga eða tekur að sér að veita sölutryggingu í útboði fyrir hönd bankans, skal halda eftirfarandi skrár:

- Skrá um efni og tímasetningu fyrirmæla frá umbjóðendum í tengslum við sölutryggingu eða útboð ásamt gögnum um ákvarðanir og úthlutanir til að halda megi utan um heildargagnaslóð hreyfinga á reikningum umbjóðenda og fyrirmæla sem bankinn móttekur. Skráin skal jafnframt innihalda rökstuðning á lokaúthlutunum til hvers umbjóðenda og skrásett.

III. kafli: Ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunárekstra

8. Aðskildar starfseiningar

Starfseiningar sem sinna hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur að staðaldri skulu aðskildar frá annarri starfsemi bankans þar sem unnið er með trúnaðarupplýsingar. Sami stjórnandi skal ekki fara með daglega stjórn tveggja eða fleiri aðskildra starfseininga.

Tilgangurinn með aðskilnaði starfseininga er að fyrirbyggja að starfsfólk, sem sinnir hagsmunagæslu fyrir hönd umbjóðenda, fái í hendur trúnaðarupplýsingar um hagsmuni annarra starfseininga eða viðskiptavina sem gæti haft, eða virst hafa, áhrif á hæfi viðkomandi við meðferð og afgreiðslu mála fyrir hönd sinna umbjóðenda.

Eftirfarandi starfseiningar teljast sinna hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur að staðaldri:

a) Markaðir

Markaðir heyra undir framkvæmdastjóra Markaða. Innan sviðsins eru ólíkar deildir sem sinna hagsmunagæslu, þ.e. markaðsviðskipti, eignastýring fagfjárfesta, einkabankaþjónusta og rekstur lífeyrissjóða en dagleg stjórn hvernar deildar er í höndum sérstaks forstöðumanns.

Markaðir skulu aðskildir frá annarri starfsemi bankans. Að auki skulu markaðsviðskipti aðskilin frá annarri starfsemi Markaða og öfugt.

Einstökum einingum innan Markaða er þó heimilt að fá trúnaðarupplýsingar frá öðrum starfseiningum á grundvelli sérstakra þjónustusamninga.



b) Fyrirtækjaráðgjöf:

Fyrirtækjaráðgjöf heyrir undir framkvæmdastjóra fyrirtækja- og fjárfestingabankasviðs en dagleg stjórn er í höndum sérstaks forstöðumanns.

Fyrirtækjaráðgjöf skal aðskilin frá annarri starfsemi bankans. Fyrirtækjaráðgjöf er þó heimilt að fá trúnaðarupplýsingar frá öðrum starfseiningum er varða umbjóðendur sína, á grundvelli skriflegs samþykkis viðkomandi umbjóðanda.

c) Markaðsvakt:

Markaðsvakt heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs, en dagleg stjórn er í höndum forstöðumanns fjárstýringar.

Markaðsvakt skal aðskilin frá annarri starfsemi bankans.

Aðskilnaði skal háttá þannig að starfsfólk aðskilda starfseininga hafi ekki aðgang að trúnaðarupplýsingum annarra starfseininga. Starfsfólk aðskilda starfseininga skal ekki hafa aðgang að húsnæði eða upplýsingakerfum sem hafa að geyma trúnaðarupplýsingar annarra starfseininga.

Óheimilt er að tengja beint þóknarir aðskilda starfseininga og starfsmanna þeirra við þóknarir annarra starfseininga og starfsmanna þeirra, þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið, og skal þessa m.a. gætt í starfsreglum um kaupauka, ef við á.

9. Samskipti og reglur starfsmanna

Starfsfólki ber að gæta þess í öllum samskiptum að trúnaðarupplýsingum sé ekki miðlað í andstöðu við reglur þessar. Starfsmanni er með öllu óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar sem viðkomandi var ekki heimilt að fá samkvæmt þessum reglum.

Starfsfólki er óheimilt að miðla trúnaðarupplýsingum til starfsmanna aðskilda starfseininga án fyrir fram veittrar heimildar regluvörslu, sbr. 9. gr.

10. Undanþága frá aðskilnaði starfseininga

Regluvarsla getur veitt undanþágur frá aðskilnaði starfseininga, ef slíkt er nauðsynlegt og tryggt sé að slíkt skaði ekki hagsmuni eins eða fleiri umbjóðenda. Regluvarsla getur t.a.m. heimilað miðlun tiltekinna trúnaðarupplýsinga til starfsmanna aðskildrar starfseiningar og heimilað starfsmanni aðskildrar starfseiningar að sinna tímabundið tilteknu verkefni innan annarrar starfseiningar. Undanþágur geta verið bundnar skilyrðum.

Rökstudd beiðni um undanþágu skal berast á viðeigandi [formi](#) til regluvörslu. Undanþága er háð samþykki regluvörslu og framkvæmdastjóra þeirrar starfseiningar sem hyggst veita upplýsingar eða lána starfsmann.

Bankastjóri, aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjórar fara ekki með daglega stjórn aðskilda deilda og falla ekki undir þær aðgangstakmarkanir sem gilda um starfsfólk aðskilda eininga samkvæmt reglum þessum. Þeim er heimilt að fá aðgang að upplýsingum frá aðskildum starfseiningum, þar sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi yfirsýn yfir starfssvið viðkomandi. Bankastjóri, aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjórar eru eftir sem áður bundnir sömu takmörkunum og aðrir varðandi notkun og dreifingu trúnaðarupplýsinga og verða því að sýna sérstaka aðgát í störfum sínum, enda getur vitneskja leitt til vanhæfis við ákvarðanatöku í einstökum málum. Þá skulu þeir gæta þess sérstaklega að miðla ekki trúnaðarupplýsingum milli aðskilda starfseininga.

11. Aðrar ráðstafanir

Aðrar ráðstafanir sem bankinn beitir til að tryggja hagsmuni umbjóðenda eru einkum:

1. Viðskipti við venslaða aðila: Fyrirgreiðslur til venslaðra aðila lúta sérstökum kröfum til að tryggja að armslengdarsjónarmiða sé gætt og að slík viðskipti séu yfir gagnrýni hafin.



2. Hæfi starfsmanna: Reglur bankans um hæfi starfsmanna kveða m.a. á um skyldu starfsmanna til að upplýsa um sérhver hagsmunatengsl sem starfsmaður kann að hafa við tiltekið úrlausnarefni.
3. Verðbréfiðskipti starfsmanna: Reglur bankans um viðskipti starfsmanna kveða m.a. á um skyldu starfsmanna til að bera fyrirhuguð verðbréfiðskipti sín og tengdra aðila undir regluvörslu.
4. Atvinnuþátttaka starfsmanna: Reglur bankans um atvinnuþátttöku takmarka heimildir starfsmanna til að sinna öðrum störfum samhliða störfum sínum fyrir bankann.
5. Hlunnindi: Reglur bankans um hlunnindi takmarka heimildir starfsmanna til að þiggja og veita hlunnindi og kveða á um skyldu til að tilkynna um slíkt.
6. Besta framkvæmd: Reglur bankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla kveða m.a. á um skyldu bankans til að leita allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptavinar við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga.
7. Kaupaukakerfi: Í starfsreglum bankans um kaupauka er tryggt að engin bein tengsl séu milli þóknunar starfsmanna tveggja starfseininga, þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið. Þá er að tryggt að engin bein tengsl séu á milli þóknunar starfsmanna að framkvæma láns hæfis- og greiðslumat og fjölda og/eða hlutfalli samþykkrar umsókna um fasteignalán til neytenda.
8. Fræðsla og ráðgjöf: Starfsfólk bankans fær reglulega fræðslu og þjálfun er varðar hagsmunaárekstra og eiga greiðan aðgang að ráðgjöf ef upp koma álitamál.
9. Eftirlit: Bankinn starfrækir sjálfstæða regluvörslu sem hefur eftirlit með hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans. Regluvarsla sér m.a. um árekstragreiningu vegna útgáfu fjárfestingarannsóknna, verkefna fyrirtækjaráðgjafar og viðskiptum starfsmanna og bankans fyrir eigin reikning, auk þess að hafa sjálfvirkt eftirlit með öllum verðbréfiðskiptum sem bankinn framkvæmir.
10. Innra skipulag: Skipulag og verkferlar bankans hafa að geyma ýmsar frekar ráðstafanir sem draga úr hættu á hagsmunaárekstrum, s.s. með því að krefjast aðkomu fleiri en eins starfsmanns við afgreiðslu mála, tryggja rekjanleika í kerfum og innri endurskoðun.

IV. kafli: Innra skipulag

12. Ábyrgð og innra eftirlit

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á öruggri meðferð trúnaðarupplýsinga innan sinna starfseininga og að starfsfólk fái fullnægjandi fræðslu þar að lútandi. Þá skal framkvæmdastjóri tryggja að viðhaft sé skilvirkt innra eftirlit til að tryggja áreiðanleika og virkni aðgangsstýringa í húsnæði og upplýsingakerfum. Sama gildir um æðsta yfirmann, þar sem ekki er framkvæmdastjóra fyrir að fara.

Innra eftirliti er m.a. ætlað að tryggja að starfsfólk aðskildra eininga hafi ekki aðgang að starfsrýmum eða kerfum umfram það sem heimilt er samkvæmt þessum reglum. Aðgangsheimildir skulu rýndar með reglubundnum hætti, a.m.k. á 12 mánaða fresti.

13. Heimildir og skyldur regluvarðar

Regluvarsla hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og veitir ráðgjöf og álit í tengslum við mat á hugsanlegum hagsmunaárekstrum, mótun innra skipulags og eftirlits, aðgangsmálum og miðlun trúnaðarupplýsinga.

Regluvarsla heldur utan um skrá yfir greinda hagsmunaárekstra, miðlægt ferli til að greina alla starfsemi bankans á sviði sölutrygginga og útboða, skrá um gögn í tengslum við sölutryggingu og útboð og skrá yfir tilkynningar um tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur þar sem ráðstafanir veittu ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum yrði afstýrt.

Regluvarsla styður stjórnendur við að skipuleggja viðeigandi fræðslu fyrir starfsfólk um hagsmunaárekstra.

Regluvörður getur mælt fyrir um aukinn tímabundinn aðskilnað telji hann þess þörf, t.d. í tengslum við einstök verkefni. Þá getur regluvörður takmarkað tímabundið heimild starfsmanna til að sinna



tilteknum verkefnum vegna hættu á hagsmunaárekstrum og eftir atvikum fyrirskipað að starfsmaður fari í tímabundið leyfi, ef aðrar ráðstafanir veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðenda sé nægjanlega gætt eða vegna orðsporsáhættu. Regluvörður getur lagt bann við því að tiltekin viðskipti séu framkvæmd eða þjónusta veitt, þar til komið er í veg fyrir eða fullnægjandi ráðstafanir gerðar vegna greindra hagsmunaárekstra.

Regluvarsla skal skrá í samskiptaskrá undanþágur, kröfur um sérstakar ráðstafanir, takmarkanir og úrbætur og brot gegn reglum þessum.

14. Birting, gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar skulu birtar í Reglubók bankans og taka gildi við birtingu.

Regluvörður hefur umsjón með endurskoðun reglna þessara.

Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, s.s. vegna skipulagsbreytinga og breytinga á þjónustu, þó eigi sjaldnar en árlega.

Samþykkt 09.01.2024